

	Jafnlaunastefna	
		Uppfært 03.09.2024

Jafnlaunastefna Bergraf kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja konum og körlum og fólki með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir fólk óháð kyni. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun (6. gr. laga nr. 150/2020).

Bergraf framfylgir jafnlaunastefnu sinni með eftirfarandi aðgerðum:

- Fylgja viðeigandi lagalegum kröfum og öðrum kröfum varðandi meginregluna um að konum og körlum skuli greidd jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.
- Framkvæma innri úttekt árlega og rýni stjórnenda.
- Bregðast við frábrigðum með því að sinna stöðugum umbótum og eftirliti.
- Kynna jafnlaunastefnuna fyrir starfsfólki og hafa hana aðgengilega almenningi.